

Sviðslistir 7.bekkur

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Tímafjöldi: 2 tímar (2x40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Í 7.bekk fá nemendur sérstaka kennslu í Kvikmyndalæsi og kvikmyndagerð. Þar læra þau að rýna í myndefni, handritagerð og val á tónverkum í stíl við þá kvikmyndagerð sem ákveðin hefur verið svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur koma til með að skila af sér ýmsum verkefnum svo sem auglýsingum, tónlistar vídeó, handriti, trailer og að lokum stuttmynd. Í vor bjóðum við síðan foreldrum á sérstaka kvikmyndahátíð þar sem lokaverk nemenda eru sýnd við hátíðlega athöfn.

Hæfniviðmið

- Nemandi getur nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar
- Nemandi getur nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis
- Nemandi getur skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- Nemandi getur nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tæki til þess að styrkja sköpun sína

i.Viðfangsefni í náminu

- Framkoma og frásögn
- Umræður og hlustun
- Þátttaka í leikrænu ferli í hópi
- Setja saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara
- Rýmisvitund og samvinna
- Stuttmyndagerð og vinna tengd því

Tímabil	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
<p>Getur verið misjafnt hve löng tímabilin eru</p> <p>Ágúst - júní</p>	<p>Hvaða hæfniviðmið ætla ég að vinna að á tímabilinu?</p> <p>Nemandi getur nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta</p> <p>Nemandi getur nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis</p> <p>Nemandi getur skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu</p> <p>Nemandi getur nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tæki til þess að styrkja sköpun sína</p>	<p>Hvaða leiðir ætla ég að fara til að þjálfra hæfniviðmið á tímabilinu?</p> <p>Stuðst við bókina Leiklist í kennslu (handbók fyrir kennara)</p> <p>Margmiðlun https://vefir.mms.is/margmidlun/kvikmyndagerd/pdf/kvikmyndagerd.pdf</p> <p>Fjölbreyttar æfingar í gegn um leiki, spuna, frásögn, umræður, verkefni af vefnum og ipad.</p>	<p>Hvernig ætla ég að meta nemendur?</p> <p>Leiðsagnarmat/ leiðbeina nemendum í ferlinu</p> <p>Símat þar sem metin er virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma.</p>

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Leiklist í kennslu (handbók fyrir kennara)
- Handrit
- Margmiðlunar efni <https://vefir.mms.is/margmidlun/>
- Ýmis verkefni af vefnum og fjölbreytt tónlist

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Hópavinna
- Einstaklingsvinna
- Paravinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Að nemendur fái hlutverk og þá aðstoð sem hann þarf.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Frammistaða metin jafnt og þétt yfir veturinn
- Leiðsagnarmat/ leiðbeina nemendum í ferlinu
- Símat þar sem metin er virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma.